

## REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 840/2020 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1158 um skilyrði fyrir innflutningi á matvælum og fóðri, sem eru upprunnin í þriðju löndum, í kjölfar slyssins í Tsjernóbýl-kjarnorkuverinu.

### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

- Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1158 frá 5. ágúst 2020 um skilyrði fyrir innflutningi á matvælum og fóðri, sem eru upprunnin í þriðju löndum, í kjölfar slyssins í Tsjernóbýl-kjarnorkuverinu.
- Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/256 frá 17. janúar 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1158 um skilyrði fyrir innflutningi á matvælum og fóðri, sem eru upprunnin í þriðju löndum, í kjölfar slyssins í Tsjernóbýl-kjarnorkuverinu.

### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/256 er birt á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem fylgiskjal við auglýsingu nr. 4/2024.

### 3. gr.

Allur kostnaður við opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnataka, greining sýna, geymsla, förgun og allar aðrar ráðstafanir sem gripið er til skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

### 4. gr.

Innflutnings- og dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem reglugerð þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

### 5. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 3. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

### 6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Matvælarráðuneytinu, 24. janúar 2024.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Emilía Madeleine Heenen.*